

ICS-sæti
Notandahandbók | Íslenska

Inngangur

Þessi notandahandbók lýsir aðgerðunum í ICS-sæti stjórnborðinu og er ætluð sem viðbót við notandahandbók rafmagnshjólástólsins.

Lestu og farðu eftir öllum leiðbeiningum og viðvörðunum í öllum handbókum sem fylgja með rafmagnshjólástólnum og aukabúnaði hans. Röng notkun getur skaðað notandann og valdið tjóni á hjólástólnum. Til að lágmarka þessa hættu skaltu lesa öll meðfylgjandi skjöl vandlega, sérstaklega öryggisleiðbeiningarnar og varnaðarorð þeirra.

Einnig er afar mikilvægt að þú gefir þér nægan tíma til að kynna þér hnappana, aðgerðirnar og stýringarnar ásamt sætastillingunum o.s.frv. í hjólástólnum og aukabúnaði hans áður en þú byrjar að nota þá.

Allar upplýsingar, myndir, skýringarmyndir og forskriftir eru byggðar á vöruupplýsingunum sem voru tiltækar á þeim tíma. Myndir og skýringarmyndir eru dæmi og ekki ætlað að vera nákvæmar myndir af viðkomandi hlutum.

Við áskiljum okkur rétt til að gera breytingar á vörunni án fyrirvara.

Framleitt og útgefið af Permobil

Útgáfa: 2

Dagsetning: 2024-03-11

Pöntunarnr.: 341632 isl-IS

Aðalskrifstofa Permobil Group

Permobil AB
Per Uddéns väg 20
861 36 Timrå
Svíþjóð



+46 60 59 59 00



info@permobil.com



www.permobil.com

1	Öryggi	4
1.1	Tegundir viðvörunarmerkja	4
1.2	Viðvörunarmerki	4
2	ICS-stjórnborð sætis	5
2.1	Almennt	5
2.1.1	Svörun	6
2.2	Aðgerð	7
2.2.1	Sætislyfta	7
2.2.2	Halli baks	8
2.2.3	Sætishalli	8
2.2.4	Framhalli	8
2.2.5	Halli fóthvílu	9
2.2.6	Stíllanleg fótleggjalengd	9
2.2.7	Sæti að gólfi	9
2.2.8	Standandi staða	10
2.2.9	Fótplötur	11
2.2.10	Samhliða hreyfing á fótplötum	11
2.2.11	Skipti	12
2.2.12	Minni	12

1 Öryggi

1.1 Tegundir viðvörunarmerkja

Eftirfarandi gerðir viðvarana eru notaðar í þessari handbók:



VIÐVÖRUN!

Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem gætu leitt til alvarlegra meiðsla eða dauða ásamt skemmda á vörunni eða öðrum eignum ef ekki er brugðist við.



VARÚÐ!

Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem gætu leitt til alvarlegra skemmda á vörunni eða öðrum eignum ef ekki er brugðist við.



MIKILVÆGT!

Sýnir mikilvægar leiðbeiningar.

1.2 Viðvörunarmerki



MIKILVÆGT! Sætið hættir að hreyfast þegar stýripinnanum er sleppt

Slepptu stýripinnanum hvenær sem er til að stöðva hreyfingu sætisins.



VIÐVÖRUN! Skiptu alltaf um stýripinnahlíf sem skemmist

Vernaðu hjólastólinn fyrir hvers kyns raka, þar með talið rigningu, snjó, leðju eða úða.

Ef sprungur eða rifur myndast í áklæði eða stýripinna verður að skipta tafarlaust um þau. Ef það er ekki gert getur raki borist í rafbúnaðinn og valdið áverkum eða tjóni á hlutum, t.d. eldsvoða.



VIÐVÖRUN! Hætta á að klemmast við notkun á aðgerðum sætis

Það er hættu á að klemmast fyrir slysi þegar aðgerðir sætisins eru notaðar. Fullvissaðu þig um að ekkert geti klemmst á milli hreyfanlegra hluta. Ef það er ekki gert getur það leitt til líkamsmeiðsla.



MIKILVÆGT! Notaðu eingöngu meðfylgjandi hleðslutæki rafhlöðunnar

Ábyrgð hjólastólsins fellur úr gildi ef annað tæki en hleðslutæki rafhlöðunnar sem fylgdi með hjólastólnum eða láslyklinum er sett í samband við hleðsluinnstunguna á stjórnborðinu.

2 ICS-stjórnborð sætis

2.1 Almenn

Hægt er að stýra aflaðgerðum sætisins með stjórnborði aksturskerfisins. Í sætum með ICS-stjórnkerfi er líka hægt að stjórna aflaðgerðunum með ICS-stjórnborðinu.

Aflaðgerðum sætisins er stýrt með stjórnborðinu. Stjórnborðið getur verið með þrýstihnappa eða rofa. Færðu rofann áfram til að nota fremri hnappinn og til baka til að nota aftari hnappinn. Aðgerðirnar fyrir hnappastjórnborðið sem lýst er hér gilda fyrir venjulega þrýstihnappa, en aðgerðirnar eru þær sömu óháð hönnun stjórnkerfisins.

Hver hnappur eða staða rofa getur haft tvær aðgerðir. Táknid fyrir virka aðgerð lýsir upp. Skiptu um aðgerðir með skiptiaðgerðinni. Sjá bls. 12.

Fjöldi tiltækra aðgerða verður mismunandi eftir því hvernig hjólastóllinn og sætið eru útbúin.



2.1.1 Svörun

Stjórnborðið notar LED-ljós til að gefa svörun um tiltækar aðgerðir fyrir sætið, virkar takmarkanir á aðgerðum sætis, virkar takmarkanir á aksturshraða og virkar takmarkanir á akstri.

LED-ljósið fyrir ofan hnappinn getur haft þrens konar stöður:

1. Slökkt

Aðgerðatáknid er slökkt. Það þýðir að aðgerðin er ekki virk. Breyttu valinu á aðgerðum sætis vinstra eða hægra megin með skiptihnappinum. Sjá bls. 12.

2. LED-ljós lýsir stöðugt

LED-ljós sem lýsir stöðugt gefur notandanum upplýsingar um aksturshraða.

- LED-ljós sem lýsir stöðugt grænt merkir að hægt er að aka hjólastólnum á fullum hraða.
- LED-ljós sem lýsir stöðugt gult merkir að aksturshraðinn er takmarkaður vegna stöðu þessa hreyfis.
- LED-ljós sem lýsir stöðugt rautt merkir að ekki er hægt að aka vegna stöðu þessa hreyfis.

3. Blikkandi LED-ljós

Blikkandi LED-ljós gefur notandanum upplýsingar um hreyfinn.

- Blikkandi grænt LED-ljós merkir sérstaka aðgerð eða aukaaðgerð.
- Blikkandi gult LED-ljós merkir að sætisaðgerðin virkar bara í eina átt vegna öryggistakmörkunar. Hnapparnir fyrir neðan táknið færa sætið eingöngu í örugga átt.
- Blikkandi rautt LED-ljós merkir að villa í hreyfinum greindist. Ekki er víst að hnapparnir fyrir neðan virki fyrir aðgerð sætisins, en það fer eftir tegund villunnar. Taktu eftir við hvaða kringumstæður þessi villa kom fram því þessar upplýsingar geta hjálpað þjónustuveitandanum. Hafðu samband við þjónustuveitandann til að fá frekari aðstoð.

2.2 Aðgerð



VIÐVÖRUN! Hætta á að klemmast við notkun á aðgerðum sætis


2.2.1 Sætislyfta

Hægt er að lyfta sætinu með því að ýta á efri hluta hnappsins og lækka það með því að ýta á neðri hlutann.




2.2.2 Halli baks

Hægt er að halla bakinu aftur með því að ýta á neðri hluta hnappsins og halla því fram með því að ýta á efri hlutann.




2.2.3 Sætishalli

Hægt er að halla sætinu aftur með því að ýta á neðri hluta hnappsins og halla því áfram með því að ýta á efri hlutann.




2.2.4 Framhali

Hægt er að halla sætinu áfram með því að ýta á efri hluta hnappsins og halla því aftur með því að ýta á neðri hlutann. Þegar sætinu er hallað áfram eða aftur stoppar það þegar það kemst í hlutlausu stöðu. Ýttu á sama hnapp aftur til að halda áfram að halla áfram eða aftur á bak frá hlutlausri stöðu.




2.2.5 Halli fóthvílu

Hægt er að halla fóthvílunni áfram með því að ýta á efri hluta hnappsins og halla henni aftur með því að ýta á neðri hlutann.



2.2.6 Stillanleg fótleggjalengd

Hægt er að lyfta fótplötunni með því að ýta á efri hluta hnappsins og lækka hana með því að ýta á neðri hlutann.



2.2.7 Sæti að gólfi

Ekki er víst að þessi aðgerð finnist í þínum hjólastól, það fer eftir gerð og stillingu hjólastólsins.

Hægt er að lækka sætið niður að gólfinu með því að ýta á efri hluta hnappsins og hækka það með því að ýta á neðri hlutann.



2.2.8 Standandi staða


Ekki er víst að þessi aðgerð finnist í þínum hjólastól, það fer eftir gerð og stillingu hjólastólsins.

Hægt er að lyfta sætinu í standandi stöðu með því að ýta á efri hluta hnappsins og lækka það í sitjandi stöðu með því að ýta á neðri hlutann.

Hægt er að stilla standandi stöðu eftir þörfum hvers notanda með því að forstilla eina af þremur mögulegum stillingum.


Táknið vinstra megin sýnir standandi stillingu sem hefst á því að rétta úr mjöðmum og fótleggjum notandans áður en notandinn er hækkaður í standandi stöðu. Þessi stilling lágmarkar þrýsting á hné notandans.

Táknið hægra megin sýnir standandi stillingu sem hækkar notandann beint upp úr standandi stöðu.




2.2.9 Fótplötur

Hægt er að lyfta fótplötunum með því að ýta á efri hluta hnappsins og lækka þær með því að ýta á neðri hlutann.



2.2.10 Samhliða hreyfing á fótplötum

Hægt er að lækka fótplötuna á sama tíma og sætið er hækkað upp með því að ýta á efri hluta hnappsins. Ef ýtt er á neðri hluta hnappsins hækkar fótplatan og sætið lækkar niður á sama tíma. Þessi aðgerð getur hjálpað notandanum að setjast í hjólastólinn og standa upp úr honum.





2.2.11 Skipti

Hægt er að breyta aðgerðum stjórnhnappsins með því að ýta á skiptihnappinn. Aðgerðinni er breytt til baka með því að ýta aftur á skiptihnappinn. Táknid fyrir virku aðgerðina lýsir upp.

2.2.12 Minni

ICS-stjórnborð með minni geta vistað og sótt allt að þrjár sætisstillingar. Sætisaðgerð (t.d. sætislyfta, sætishalli, halli baks, halli fóthvílu) getur eingöngu vistað stillingu ef hún er með hreyfi með svörun við staðsetningu.



2.2.12.1 Fara til baka í forstillta stöðu

1. Farðu í minnisstillingu með því að halda minnishnappinum (8) niðri í tvær sekúndur. LED-ljósið fyrir minni blikkar grænt þegar minnisstillingin er virk.
2. Haltu niðri viðeigandi minnishnappi (1, 2 eða 3) til að færa sætiskerfið í æskilega forstillta stöðu. Til öryggis stöðvast allar hreyfingar sætisins þegar minnishnappi er sleppt. Þegar vistuðu stillingunni er náð stöðvast hreyfingin, LED-ljósið fyrir ofan minnisstillinguna lýsir grænt og stjórnborðið pípir.
3. Hægt er að fara til baka í hefðbundnar sætisaðgerðir með því að ýta á minnishnappinn (8).



2.2.12.2 Vistað í minninu

Svona er sætisstilling vistuð í minninu.

1. Stilltu sætið í þá stöðu sem þú vilt vista.
2. Farðu í minnisstillingu með því að halda minnishnappinum (8) niðri í tvær sekúndur. LED-ljósið fyrir minnisstillingu blikkar grænt þegar hún er virk.
3. Haltu niðri hnappi (4) þar til LED-ljósið vinstra megin við minnisljósið lýsir grænt. Núna er minnið virkt og tilbúið til að vista sætisstillingu.
4. Haltu niðri þeim minnishnappi sem þú vilt nota (5, 6 eða 7) í þrjár sekúndur til að vista núverandi sætisstillingu. LED-ljósið fyrir ofan valda minnishnappinn lýsir rautt og stjórnborðið pípír þegar búið er að vista stillinguna í minninu.
5. Hægt er að fara til baka í hefðbundnar sætisaðgerðir með því að ýta á minnishnappinn (8).



permobil

341632 isl-IS



www.permobil.com